



Stjórn og trúnaðarráð FÍR

Reykjavík 11. nóvember 2020

Fundarstaður : Fjarfundur

Í fjarfundi voru : Margrét Arnarsdóttir , Sigmundur Grétarsson, Kristján Helgason, Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Ævar Guðmundsson, Hilmar Guðmundsson, Oddur Bogason, Andri Reyrr Haraldsson, Adam Kári Helgason, Jakob Þór Leifsson, Þór Hinriksson, Viðar Már Þorsteinsson og Eiríkur Jónsson

Fundur settur : kl. 17:35

Dagskrá:

- 1. Glærur frá Trúnaðarmanna rástefnu 2020.**

Sigrún fór yfir starfsseminu á skrifstofunni og er mikil vinna vegna atvinnuleysis og aðstoð við þann hóp, greiðslu styrkja en það er mun meiri ásókn í sjóðina en búist var við og að sama skapi mun minni tekjur.
- 2. Rafmennt**

Hilmar fór yfir stöðuna hjá Rafmennt, ganga flest námskeið vel. Það er verið að athuga með spjaldtölvurnar sem Rafment hefur gefið í skólanum, hvort það eigi frekar að hafa styrk til tækja kaupa frekar enn að gefa spjaldtölvur. Rætt var um skýrslu OECD sem var birt í 10. nóvember í stjórn Rafmenntar og eru allir ósáttir við þessa skýrslu bæði SART og við.
- 3. Heimasíða.**

Margrét fór yfir stöðuna með heimasíðuna, og er verið að fresta opnun hennar vegna stöðunnar í þjóðfélaginu. Það var ætlunin að heimasíðan yrði opnuð í haust og er núna stefnt um mánaðarmót nóvember/desember. Gott væri ef hægt að gera það með viðhöfn.
- 4. Opna deildin.**

Rætt var um skjal sem Sigrún útbjó, og urðu umræður um vinnuskjalið. Var samþykkt að nota þetta skjal til að fá reynslu með opnu deildina og sjá hver staðan verður fyrir 1. mars. (skjalið er fyrir neðan fundargerðina).
- 5. Undir liðnum önnur mál.**

Var rætt um OECD skýrsluna og virðist almennt að iðnaðarmenn séu reiðir. Munu þessat tillögur sem lögverndun starfsgeina eins og til dæmis iðngreina hafa þau áhrif á áhuga ungs fólks til náms í iðngreinum ef námið veitir enginn réttindi að

Því loknu og þannig að sveinsbréf verður án réttinda Samstarf við SART væri gott, en fyrst verðum við að rýna skýrsluna. Margrét, Andri og Adam Kári muni rýna hana og svo verður fundur um OECD skýrsluna í lok nóvember. Oddur nefndi að FÍR ætti að útnefna fyrirmyndar fyrirtæki myndi virka mjög vel útá við og auka virðingu viðskiptavina fyrir þeim fyrirtækjum sem hljóta nafnbótina Fyrirmyndar fyrirtæki FÍR. Hugmyndin er fyrirmyndar fyrirtæki hjá CREDITINFO og VR, sem mörg stefna á að ná árlega.

Fundi var slitið kl. 18:45

Fundinn ritaði SPG

Vinnuskjal vegna **“opna deild” FÍR**

Félag íslenskra rafvirkja – opin deild

Verklag við inntöku á umsækjendum í “opna deild” FÍR

Opna deildin er fyrir þá sem eru að læra rafiðngreinar en hafa ekki skilað inn viðurkenndum námssamningi, hafa vegna sérstakra ástæðna þurft að gera hlé á námi sínu, eru í raunfærnimati eða í ferli við mat á námi/ réttindum. Hafi ekki átt sér stað framvinda í námi í 1 ár er viðkomandi vísað frá opnu deildinni.

Opna deildin veitir ekki sjálfkrafa aðgang að ákvæðisgrunni Ákvæðisvinnustofunnar, samþykki vinnuveitanda fyrir greiðslu ákvæðisgjalds er skilyrði.

Undanþága er veitt þeim einstaklingum sem eru:

- í námi en hafa ekki skilað til Rafmenntar viðurkenndum námssamningi
- hafa þurft að gera hlé á námi sínu vegna sérstakra aðstæðna en hafa verið í námi síðustu tvö ár
- eru í ferli vegna raunfærnimats eða hafa verið í raunfærnimati síðastliðið ár
- eru í ferli vegna mats á námi/réttindum

Gögn sem þurfa að fylgja umsókn eru:

- Staðfesting á námi frá viðkomandi skóla
- Greinargerð vegna sérstakra aðstæðna þar sem gera hefur þurft hlé á námi
- Staðfesting á raunfærnimati
- Staðfesting á að mat á réttindum sé í ferli. Ath skal að ef mati á réttindum er hafnað mun umsækjanda verða vísað frá opnu deildinni.
- Skriflegt samþykki vinnuveitanda fyrir greiðslu ákvæðisgjalds

Umsóknarferli:

Umsóknum skal skila til Sigrúnar Sigurðardóttur skrifstofustjóra RSÍ á netfangið sigrun@rafis.is

Skrifstofustjóri hefur heimild til að samþykkja umsókn í eftirfarandi tilvikum:

- Umsækjandi er í námi og gögn því til staðfestingar fylgja umsókn.
- Umsækjandi er í raunfærnimati og gögn því til staðfestingar fylgja umsókn
- Umsækjandi er í ferli vegna mats á námi/ réttindum og gögn því til staðfestingar fylgja umsókn.
- Staðfestingu á framvindu á námi skal senda á Sigrúnu Sigurðardóttur skrifstofustjóra á netfangið sigrun@rafis.is

Í þeim tilvikum sem sérstakar aðstæður eru fyrir hendi og hafa áhrif á námsframvindu mun stjórn FÍR taka afstöðu til umsóknarinnar.

Allir umsækjendur sem sækja um inngöngu í “opnu deild” FÍR verða skráðir í excel skjal sem skrifstofustjóri ber ábyrgð á. Þar verða skráðar ástæður samþykktar, dagsetning samþykktar og hvaða fylgigögnum er skilað. Er forsenda fyrir eftirfylgni þar sem félögum verður vísað frá félaginu verði ekki framvinda á stöðu viðkomandi á 12 mánaða tímabili.